



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
21. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, Hamraborg 9
mánudaginn 17. febrúar 2020, kl. 12:00

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.
Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarstjórnar, Garðabæ.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.
Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Bjarki Bjarnason, Mosfellsbær.
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi.

Ennfremur sátu fundinn Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri SORPU bs., Haraldur Flosi Tryggvason ráðgjafi stjórnar SORPU bs., Halldóra Káradóttir fjármálastjóri Reykjavíkur, Lúðvík H. Jónsson fjármálastjóri Garðabæjar, Ingólfur Arnarson fjórmálastjóri Kópavogs, Rósa Steingrímsdóttir sviðstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðar, Birgir Björn Sigurjónsson fyrrv. fjármálastjóri Reykjavíkur, Erik T. S. Bjarnason sérfræðingur á fjármála og áhættustýringarsviði Reykjavíkur og Hrafnkell Á Proppé verkefnastjóri hjá SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlagsins 2020

Birkir Jón kynnti nýjan framkvæmdastjóra Helga Þór Ingason sem mun gegna stöðunni tímabundið.

Birgir Björn Sigurbjörnsson fór yfir þá vinnu sem er á greiningu á fjármálum SORPU bs. Allt bendir til að fjárhagsstaðan sé öllu verri en dregin er upp í skýrslu innri endurskoðunar. Ef fram fer sem horfir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

mun gjaldfærni fyrirtækisins verða komin í uppnám í lok mars 2020 ef ekki verður brugðist við með hraði.

Framkvæmdastjóri upplýsti að verði væri að setja saman skýra aðgerðaáætlun sem liggja mun fyrir á vormánuðum.

Birkir Jón greindi frá að unnið er að tillögu stjórnar SORPU bs. sem mun funda í framhaldinu. Megininntak þeirrar tillögu er að framkvæmdastjóra verði veitt heimild til að óska eftir 600 milljón króna yfirdráttarheimild til viðbótar við þær 500 milljónir sem þegar eru heimilaðar. Sú tillaga verði send á sveitarstjórnir til afgreiðslu.

Umræður:

Rætt um að halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaganna á næstu dögum. SSH mun boða fundinn að beiðni stjórnar SORPU bs.

Niðurstaða fundar:

Stjórn eigendavettvangs er sammála að grípa þurfi til aðgerða til að mæta fyrirsjáanlegum sjóðsstreymisvanda fyrirtækisins. Stjórn SORPU bs. er falið að vinna áfram að málinu í samræmi við framlagðar upplýsingar og umræður. Skrifstofu SSH falið að boða kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa í samstarfi við formenn stjórnar eigendavettvangs og stjórnar SORPU bs.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:10.

Hrafnkell Á. Proppé, fundarritari.